

NORÐAUSTURVEGUR BREYTT LEGA OG NÝ TENGING VIÐ ÞÉTTBÝLIÐ Í VOPNAFIRÐI

Kynning framkvæmda vegna könnunar á
matsskyldu

Helga Aðalgeirsdóttir og Gunnar H. Jóhannesson



© Loftmyndir ehf.



Veghönnunardeild Akureyri

október 2010

Efnisyfirlit

1.1.	ALMENNT	3
1.2.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR	3
1.3.	MATSSKYLDA	3
1.4.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	3
1.5.	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR	4
1.6.	RANNSÓKNIR	4
1.7.	STAÐA SKIPULAGS	4
1.8.	LEYFISVEITENDUR	5
2.	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	6
2.1.	STAÐHÆTTIR	6
2.2.	NÚVERANDI VEGUR	6
2.3.	UMFERÐ	6
	FRAMKVÆMDALÝSING	8
3.1.	VALKOSTIR	8
3.2.	FRAMKVÆMDALÝSING	8
3.2.1.	Vegur og vegtengingar	8
3.2.2.	Efnispörf	9
3.3.	FRÁGANGUR	10
3.4.	VINNUBÚÐIR	11
3.5.	MANNAFLAPÖRF	11
3.6.	FRAMKVÆMDATÍMI	11
3.7.	REKSTUR	11
4.	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	12
4.1.	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM	12
4.1.1.	Vegagerð	12
4.1.2.	Efnistaka	12
4.2.	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	12
5.	LÝSING Á STAÐHÁTTUM	13
5.1.	MANNLÍF, ÚTIVIST OG HÁVAÐI	13
5.2.	LANDSLAG	14
5.4.	JARÐMYNDANIR OG VATN	15
5.5.	GRÓÐURFAR OG FUGLAR	16
5.6.	MENNINGARMINJAR	18
6.	LAGNIR Í GRENND VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	20
7.	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	21
8.	NIÐURSTAÐA	22
9.	HEIMILDIR	23
10.	TEIKNINGAR	23

FORMÁLI

Vegagerðin vinnur nú að lokaáfangi á tengingu Vopnafjarðar við Hringveg um Norðausturveg. Verkáfanginn var boðinn út í febrúar 2009 og nær frá Pyttalækjabungu á Vopnafjarðarheiði, um Vesturárdal að Norðausturvegi, rétt norðan þéttbýlisins á Vopnafirði.

Í framhaldi af ákvörðun um framkvæmdina, óskaði sveitarstjórn Vopnafjarðar eftir breytingum á tengingu þessa nýja Norðausturvegar við þéttbýlið. Með breytingunni verður gert ráð fyrir nýrri aðkomu að Vopnafirði. Felst breytingin einkum í því, að í stað þess að enda nýja veginn við Norðausturveg norðan þéttbýlisins eins og gert var ráð fyrir í útboðinu, þá verður vegurinn lagður í sveig utan þéttbýlisins og tengist götunni Hafnarbyggð úr norðaustri, þar sem verður ný aðkoma að þéttbýlinu.

Helstu rök sveitarstjórnarinnar fyrir breytingunni er sú að lega núverandi Norðausturvegar í gegnum þéttbýlið sé óviðunandi vegna bratta og hlykkja, auk þess sem hún liggur um íbúðarsvæði. Þá eigi flutningabílar í erfiðleikum á þessum götum og skapi auk þess hættu fyrir aðra vegfarendur.

Meginhluti þungaumferðar við Vopnafjörð tengist á einn eða annan hátt hafnarsvæðinu og í ljósi þess að áætlað er að Vopnafjörður verði miðstöð rannsókna á Drekasvæðinu, má búast við stórauðinni þungaumferð sem tengist hafnarsvæðinu. Ný aðkoma að bænum með betri tengingu við hafnarsvæðið muni því draga stórlega úr þungaumferð innan þéttbýlisins.



Mynd 1. Fyrirhuguð ný aðkoma að þéttbýlinu í Vopnafirði.

1. YFIRLIT

1.1. ALMENNT

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna nýja vegaframkvæmd á Norðausturvegi (85) í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu (teikning 1 og 2). Fyrirhugað er að breyta legu Norðausturvegar í nágrenni þéttbýlisins að Vopnafirði og leggja nýja tengingu frá Norðausturvegi til Vopnafjarðar. Í tengslum við vegagerðina þarf að auki að byggja 2 nýjar tengingar. Samtals eru nýju vegarkafarnir um 2,6 km langir.

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd Vopnafjarðarhrepps.

Áætluð efnisþörf til vegagerðarinnar er 51,5 þús m³.

Engin fjárveiting er til framkvæmdarinnar í 4 ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012. Vegáætlun verður endurskoðuð veturinn 2010-2011. Ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir við verkið geta hafist en áætlaður framkvæmdatími er um 6 mánuðir.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar betri tengingu að Vopnafirði og bætt umferðaröryggi þar.

1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi á Vopnafirði með því að beina þungaumferð flutningabíla að athafnasvæði hafnarinnar um leið og þeir koma í þéttbýlið, í stað þess að þeir aki í gegnum íbúðarsvæði. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu. Vegirnir verða með bundnu slitlagi og hannaðir fyrir 50 eða 70 km/klst hámarkshraða.

1.3. MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum:

Skv. viðauka 2.10.c, þar sem um er að ræða vegaframkvæmd utan þéttbýlis á verndarsvæði.

1. Vegaframkvæmdin raskar votlendi sem er stærra en 3 ha
2. Fornleifar eru í minna en 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum nær yfir sveitarfélögin Vopnafjörð og Bakkafjörð. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer undir vegagerð er í jaðri þéttbýlisins í Vopnafirði en efnistökusvæðin eru utan við þéttbýlið (teikning 1 og 2).

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur.

Vegsvæði Norðausturvegar, sem er stofnvegur, telst vera 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður hvergi mjög breitt, eða að jafnaði um 15-30 m. Í grennd við aðkomuna að Vopnafirði er talsverður hliðarhalli, sem hefur í för með sér um 520 m

langa skeringu ofan vegar og talsverðar fyllingar neðan hans. Þar verður framkvæmdasvæðið breiðast, eða 35 m við stöð 240. Við Skógarlón mun vegurinn einnig liggja í skeringu á um 380 m löngum kafla.

Vegurinn verður að öðru leyti að mestu lagður á fyllingu. Hæsta fylling er rúmlega 5 m há við stöð 200.

Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í útboðsgögnum.

1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð verður haft samráð við eftirtalda aðila:

- **Landeigendur**, þ.e. Vopnafjarðarhreppur um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
- **Skipulagsstofnun**, varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar.
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku og frágang á svæðinu og endurheimt votlendis.
- **Minjavörð Austurlands**, varðandi fornleifar á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins.
- **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps**, varðandi framkvæmdaleyfi.

1.6. RANNSÓKNIR

Þegar mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls – Vopnafjörður fór fram (Vegagerðin, 2007), voru gerðar rannsóknir á stærstum hluta þess svæðis sem raskað verður vegna þessara framkvæmda, m.a. á gróðurfari, fuglalífi og fornleifum.

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni hefur rannsakað efnistökuþögnuleika í grennd við framkvæmdasvæðið.

Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínurnar og þversniðsmælt.

1.7. STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 var samþykkt 21.10.2008. Á þéttbýlisupprætti er sýnd ný aðkoma frá Norðausturvegi að þéttbýlinu. Hún fylgir hins vegar ekki þeirri veglínu sem sveitarfélagið gaf framkvæmdaleyfi fyrir 21. ágúst 2007, en sá vegur verður opnaður formlega árið 2011.


Vopnafjarðarhreppur óskaði eftir að Vegagerðin kannaði matsskyldu breytinga á Norðausturvegi og nýrrar aðkomu að þéttbýlinu.

Ný aðkoma að þéttbýlinu er staðsett í samræmi við aðalskipulagið. Hins vegar er staðsetning Norðausturvegar og nýrrar vegtengingar til Vopnafjarðar sem hér er kynnt, ekki í samræmi við þá staðsetningu sem sýnd er á þéttbýlisupprætti (mynd 2 og 3).

Þótt breytingin sé ekki mikil, þarf að breyta aðalskipulagsupprætti í samræmi við nýja legu vega á svæðinu. Breytingin er óveruleg, því aðeins er um að ræða flutning á vegum og breytingu á útfærslu vegamóta.



Mynd 2. Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026. Þéttbýlisuppráttur.



Mynd 3. Núverandi Norðausturvegur, rauður og nýr Norðausturvegur, blár (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).

1.8. LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Vopnafjarðarhrepps.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að afla leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins til að raska fornleifum í samræmi við þjóðminjalög nr. 107/2000.

2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1. STAÐHÆTTIR

Framkvæmdasvæðið er fast við þéttbýlið í Vopnafirði. Vopnafjörður er breiður fjörður eða flói milli Digraness og Kollumúla. Allangur en mjór tangi, Kolbeinstangi, skagar út í fjörðinn og stendur Vopnafjarðarkauptún á honum austanverðum. Inn af fjarðarbotninum er allbreitt láglendi og ganga þrír dalur upp af því, Hofsárdalur, Vesturárdalur og Selárdalur, aðgreindir af hálsnum. Dalirnir og byggðin við ströndina kallast einu nafni Vopnafjörður. Í Vopnafirði bjuggu 683 manns í byrjun árs 2010, þar af 540 í þéttbýlinu.

2.2. NÚVERANDI VEGUR

Norðausturvegur frá Hringveginum að Vopnafirði hefur fram að þessu legið um Vopnafjarðarheiði og neðri hluta Hofsárdals. Nú er unnið að lagningu nýs Norðausturvegar, sem mun liggja um Vesturárdal til þéttbýlisins. Miðað er við að hann verði tilbúinn haustið 2011.

Þar sem núverandi Norðausturvegur liggur í gegnum þéttbýlið, fylgir hann Kolbeinsgötu, Hamrahlíð og Búðaröxl. Hann liggur í gegnum miðbæinn, er með kröppum beygjum og miklum bratta og liggur framhjá íbúðarhúsum. Við lagningu Norðausturvegar um Vesturárdal, breytist aðkoma vegfarenda að Vopnafirði. Stærsti hluti umferðarinnar mun koma að bænum frá norðri. Meiri umferð en áður verður um Hamrahlíð og Búðaröxl, og mun öll þungaumferð að og frá höfninni fara um þær.


2.3. UMFERÐ

Umferð í nágrenni Vopnafjarðar er mjög lítil. Umferð að og frá Vopnafjarðarsvæðinu úr norðri hefur farið minnkandi á undanförunum árum en umferð að og frá Hringvegi heldur aukist. Heildarumferð að og frá Vopnafjarðarsvæðinu um Norðausturveg virðist heldur hafa minnkað. Umferð um Norðausturveg 85-36 og Vesturárdalsveg 915-01 er að hluta innanbæjarumferð. Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um umferð í nágrenni Vopnafjarðar:

Tafla 1. Umferð í nágrenni Vopnafjarðar

	ÁDU 2005	ÁDU 2009
Norðausturvegur 85-35	68	60
Hundsvatnsvegur-Strandhafnarvegur		
Norðausturvegur 85-36	122	108
Strandhafnarvegur-Vopnafj. Steinholt		
Norðausturvegur 85-43	60	70
Bæjaröxl-Hölkna		
Vesturárdalsvegur 915-01	72	66*
Norðausturvegur-Skógavegur		
Vesturárdalsvegur 915-02	17	16*
Skógavegur- Búastaðavegur		
Skógavegur 914-01	17	16*
Norðausturvegur-Vesturárdalsvegur		

*Umferðartölur frá 2008



Mynd 4. Þeir vegakaflar sem fjallað er um í töflu 1 (kort frá © Loftmyndum ehf.).

Eins og að framan er getið standa yfir mjög miklar vegaframkvæmdir í Vopnafirði sem tengja sveitarfélagið betur við Hringveginn. Líklegt er að framkvæmdirnar hafi töluverð áhrif á það umferðarmunstur sem hefur ríkt á svæðinu.

Í skýrslu um mat á umverfisáhrifum Norðausturvegar til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls-Vopnafjörður, var gerð tilraun til að áætla umferð um Norðausturveg í Vesturárdal þegar framkvæmdum þar væri lokið. Niðurstöður voru eftirfarandi:

Tafla 2. Áætluð umferð um Norðausturveg í nágrenni Vopnafjarðar

	ÁDU 2010	ÁDU 2015	ÁDU 2020	ÁDU 2025
Norðausturvegur um Vesturárdal innan Hauksstaða (85-43)	86*	102	117	133
Norðausturvegur um Vesturárdal næst þéttbýlinu (915-01)	133*	150	167	184

*Gert hafði verið ráð fyrir að vegurinn yrði tilbúinn fyrir árið 2010

Árstdagsumferð á núverandi Norðausturvegi um þéttbýlið í Vopnafirði árið 2009 var 1631 bílar/sólarhring. Sumardagsumferð var 1571 bílar/sólarhring og vetrardagsumferð var 1765 bílar/sólarhring. Að mestu er um innanbæjarumferð að ræða.

Áætluð heildarumferð árið 2030 um þá vegi sem um er að ræða er á bilinu 135-200 ÁDU.

FRAMKVÆMDALÝSING

3.1. VALKOSTIR

Fyrirhugað er að breyta legu Norðausturvegar í nágrenni þéttbýlisins í Vopnafirði og leggja nýja tengingu frá Norðausturvegi til Vopnafjarðar. Í tengslum við vegagerðina þarf að auki að byggja 2 stuttar tengingar.

Vegagerðin hafði samráð við Vopnafjarðarhrepp um staðsetningu vegarins. Margir mögulegir kostir voru skoðaðir en niðurstaðan var að leggja til þær veglínur sem hér eru kynntar. Nýir vegir munu uppfylla öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Við staðsetningu þeirra var reynt að raska votlendi og fornleifum sem minnst. Einnig var ákveðið að leggja nýjan veg utan við skógræktarsvæði. Samtals eru nýju vegarkaflarnir um 2,6 km langir.

3.2. FRAMKVÆMDALÝSING

3.2.1. Vegur og vegtengingar

Um er að ræða tvo nýja vegi. Annars vegar **veg A** sem er 1,1 km langur og liggur í framhaldi af götunni Hafnarbyggð í þéttbýlinu í Vopnafirði, að vegamótum við nýjan Norðausturveg og þaðan að núverandi Norðausturvegi austan við Nýpslón, frá stöð 60-1160 og hins vegar **veg B** sem er 1,14 km langt framhald Norðausturvegar um Vesturárdal, frá stöð 47400-48540. Til viðbótar þarf að byggja tvær nýjar vegtengingar, annars vegar 0,22 km langa tengingu að þéttbýlinu í Vopnafirði við stöð 47540 á Norðausturvegi, veg C og hins vegar 0,14 km langa tengingu að vegi að Leiðarhöfn sem er út með Kolbeinstanga, frá stöð 150 á Hafnarbyggð, veg D (teikning 3). Aðrar tengingar verða aðlagðar hæðarlegu endurbýggðs vegar.

Vegamót Norðausturvegar og Hafnarbyggðar verða við stöð 48540 á vegi B og stöð 640 á vegi A (teikning 3).

Frá nýjum vegamótum Norðausturvegar og Hafnarbyggðar þarf lýsingu meðfram vegi, að núverandi enda Hafnarbyggðar. Einnig þarf lýsingu meðfram vegi C, frá Norðausturvegi að byggðinni við Búðaröxl.

Nýr Norðausturvegur samkvæmt vegi A verður gerður samkvæmt vegtegund C₈, sem er 8,0 m breiður vegur með 7,8 m breiðu bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 70 km/klst.

Ný tenging að Vopnafirði samkvæmt vegi A, (Hafnarbyggð) verður 8,0 m breiður vegur. Hönnunarhraði er 50 km/klst.

Nýr Norðausturvegur samkvæmt vegi B verður 7,5 m breiður vegur með 7,3 m breiðu bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 70 km/klst.

Vegtengingar verða 7 m breiðar og hönnunarhraði 50 km/klst.

Tafla 3. Nýir vegir (staðsetning þeirra sést á teikningu 3)

	Vegtegund	Vegbreidd m	Hönnunarhraði km/klst	Vegalengd km
Vegur A: Hafnarbyggð-Norðausturvegur	C ₈	8	50/70	1,1
Vegur B: Norðausturvegur um Vesturárdal	C ₁	7,5	70	1,14
Vegur C: Tenging við Búðaröxl	C ₇	7	50	0,22
Vegur D: Tenging að Leiðarhöfn	C ₇	7	50	0,14
Samtals				2,6 km

Nýr Norðausturvegur og Hafnarbyggð falla undir stofnvegi.

Einn lækur er í mögulegum vegarstæðum. Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vorinu og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður enn fremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir, ofan við veginn.

3.2.2. Efnispörf


Áætluð efnispörf í verkið er 51,4 þús. m³ (tafla 4).

Tafla 4. Efnispörf.

	Magn í þús. m ³
Klæðing	0,6
Efra Burðarlagsefni	4,4
Neðra burðarlagsefni	11,8
Fyllingar	29,1
Fláafleygar	5,5
Samtals	51,4


Gert er ráð fyrir að 9,8 þús. m³ af efni komi úr vegskeringum. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir að allt skeringarefnið nýtist í veginn, en það kemur betur í ljós við verkhönnun. Áætlað er að nothæft efni sé um 7 þús. m³ sem verði nýtt í fyllingar og/eða fláafleyga. Gengið verður frá umframefni í samráði við Vopnafjarðarhrepp.

Efnispörf úr námum er 44,4 þús. m³. Áætlað er að taka efni í fyllingar og neðra burðarlag annað hvort úr opinni námu í landi Fremri-Nýpur við Skógarlón (nr. 9853608, Straumeyri 2) eða námu í landi Ytri-Nýpur (nr. 985067) (fylgiskjal 1). Jafnvel er mögulegt að tekið verði efni úr báðum þessum námum og fer það eftir aðstæðum og efnisgæðum.



Mynd 5. Mögulegar námur í grennd við Nýpslón (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).

Efra burðarlag og efni í slitlag úr áætlað að taka námu við Búastaði í Vesturárdal sem er í tæplega 13 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Náma þessi var opnuð vegna framkvæmda við Norðausturveg um Vesturárdal og er ekki gert ráð fyrir að henni verði lokað um sinn.



Mynd 6. Námusvæði við Búastaði (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).

Að efnistöku lokinni verður gengið frá námunum í samráði við landeigendur.

3.3. FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefur.

Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við veg- og námusvæði og verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan veg- og námusvæða á verktíma.

Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst í yfirborði skeringa verður ýtt ofan af til að geyma og jafna yfir svæðin að vinnslu lokinni sem efsta lag við frágang. Með því ætti árangur af uppgræðslu að verða öruggari.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi. Gengið verður frá námum í samráði við landeigendur.

Miðað er við að núverandi Norðausturvegur verði lagður af á um 1,1 km löngum kafla frá Skógalóni að vegamótum Norðausturvegar og Búðaraxlar. Við veginn er áningarstaður með útsýni yfir Skógalón. Mikilvægt er að áfram verði hægt að aka þangað, því við veginn er útivistar- og skógræktarsvæði og nauðsynlegt að áfram verði gott aðgengi að því. Haft verður samráð við Vopnafjarðarhrepp um framtíðarnotkun vegarins og staðsetningu nýrrar vegtengingar að honum og áningarstaðnum en líklegt er að hún verði á kaflanum frá stöð 47700-47800 á vegi B. Mögulegt er að bílaumferð verði leyfð á um 200 m kafla á núverandi Norðausturvegi, að áningarstaðnum. Annars verði veginum lokað fyrir bílaumferð og hann aðeins opinn gangandi umferð.

Milli Skógalóns og vegarins að Leiðarhöfn liggur vegur sem byggður var sem námuvegur í tengslum við hafnarframkvæmdir á Vopnafirði. Hann liggur norðan við kirkjugarðinn, að námum og skógræktarsvæði á vestanverðum Kolbeinstanga. Við framkvæmdina lokast núverandi vegtenging að honum í grennd við Nýpslón. Þar sem nýr Norðausturvegur liggur framhjá núverandi tengingu að veginum (við stöð 1060 á vegi A), verður mikill hæðarmismunur og ekki hægt að tengja vegina

saman. Áfram verður að vera mögulegt að komast á svæðið og því verður útbúin ný tenging við stöð 700 á vegi A (teikning 3). Fyrirhugað er að loka veginum og leggja hann af á um 0,5 km kafla. Á 0,2 km kafla, frá stöð 440-640 er fyrirhugað að jafna hann út og sáð í hann. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frágang hans á 0,3 km kafla í grennd við kirkjugarðinn. Mögulegt er að hann verði nýttur sem hluti af gönguleið meðfram nýrri veltengingu að þéttbýlinu. Ákvörðun um nýtingu vegarins og frágang verður tekin í samráði við Vopnafjarðarhrepp.

A.m.k. jafn mikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdina verður grætt upp. Haft verður samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun um uppgræðsluna.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Endurheimt verður jafnstórt votlendi og raskast við framkvæmdina, þ.e. 9,7 ha. Endurheimt votlendis verður í samráði við landeigendur, Umhverfisstofnun og sérfræðing um endurheimt votlendis.

3.4. VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5. MANNAFLAÐÖRF

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdartíma. Reikna má með um 15 störfum í um 6 mánuði. Framkvæmdir munu þó standa lengur yfir, því þar sem vegur liggur yfir votlendi þarf að gera ráð fyrir biðtíma vegna sigs.

3.6. FRAMKVÆMDATÍMI

Engar fjárveitingar til framkvæmdarinnar eru á vegáætlun. Ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir við verkið geta hafist.

3.7. REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins sem felst m.a. í viðhaldi og þar með talið snjómokstri. Þegar umferð hefur verið hleypt á veginn hefur reksturinn áhrif á öryggi samganga.

Nú er Vegagerðin með vetrarþjónustu, þ.e. snjómokstur og aðra þjónustu sex daga í viku á Norðausturvegi, þ.e. alla daga nema laugardaga. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur og miðað er við að þjónustan verði svipuð og nú er. Viðhald og rekstur á veginum mun fylgja þeim viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokki, umferð o.þ.h. Samgönguráðuneytið (samgönguráðherra) ákvarðar snjómokstursreglur.

4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1. Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Helstu áhrif á framkvæmdatíma felast í breytingum á því landsvæði sem fer undir veg, t.d. þar sem vegur fer yfir lítt snortið land, gróin svæði eða mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Nýr vegur hefur sjónræn áhrif, markar ný spor í landslagið og skiptir því upp.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýir vegir eru hannaðir til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Á rekstrartíma geta bættar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð veglagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá munu breyttar samgöngur hafa áhrif á umferðarhávaða og útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar (magni) og frágangi náma að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög, fyllingar og fláa. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar og jarðmyndanir. Einnig breytist landslagið.

4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að nýr Norðausturvegur og tenging að Vopnafirði myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið.

Þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um land sem hefur áður verið raskað með búskap, framræslu, vegagerð og slóðagerð, telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg.

5. LÝSING Á STAÐHÁTTUM

5.1. MANNLÍF, ÚTIVIST OG HÁVAÐI

Stór hluti Vopnfirðinga býr í kaupúninu í Vopnafirði, eða 540 manns. Atvinnulíf í Vopnafirði er nokkuð fjölbreytt miðað við stærð sveitarfélagsins. Fiskveiðar og fiskverkun eru helstu atvinnugreinarnar en einnig margvíslegur iðnaður og þjónusta. Í sveitunum er blómlegur landbúnaður. Stærsta fyrirtækið í Vopnafirði er HB Grandi hf. sem rekur umfangsmikla útgerð og fiskverkun og er því kjölfesta í atvinnulífi staðarins.

Að jafnaði aka 4-6 flutningabílar til og frá Vopnafjarðarhöfn, daglega. Eftir að nýr Norðausturvegur um Vesturárdal verður tekinn í notkun, munu flutningarnir fara um bratta og krókótta leið í gegnum bæinn, m.a. um íbúðagötuna Hamrahlíð, með tilheyrandi slyshættu og hávaða. Aðalaðkoma að þéttbýlinu verður „ofanfrá“, þar sem fyrst er komið að iðnaðarhverfi.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á svæði í grennd við þéttbýlið í Vopnafirði (teikning 3). Á aðalskipulagsupphætti eru „opin svæði til sérstakra nota“ í kringum þéttbýlið (mynd 2). Svæðið umlykur byggðina og myndar „kraga“ sem nær frá útivistarsvæði í norðurenda Kolbeinstanga og suður að flugvelli. Á svæðinu er talsverð skógrækt og um það liggja gönguleiðir og reiðleiðir. Við útplöntun hefur þess verið gætt að planta ekki í votlendi.

Áhrif á mannlíf, útivist og hávaða

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast lítilsháttar vegna umferðar þungra vinnuvéla. Íbúar á Vopnafirði munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks, og truflunar á umferð.

Ryk og hávaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari aðkomu að þéttbýlinu og minni umferðar, hávaða og mengunar í götunum Hamrahlíð og Búðaröxl. Um leið munu koma fram neikvæð áhrif á mannlíf, því umferð eykst um götuna Hafnarbyggð sem er íbúðagata. Búið er við að umferðarhávaði við Hafnarbyggð aukist og að það muni draga úr öryggi íbúa þar. Þar sem ný vegtenging kemur inn á Hafnarbyggð verður brött brekka (með 7% halla) upp á Kolbeinstanga. Íbúar í þeim húsum sem standa næst nýju vegtengingunni í brekkunni, munu verða varir við aukinn hávaða vegna umferðar.

Aðalaðkoma að bænum verður mun fallegri en aðkoman „ofanfrá“. Komið verður að bænum inn á götuna Hafnarbyggð frá norðri, þar sem er fallett útsýni upp í bæinn.

Kirkjugarður Vopnfirðinga er nyrst í þéttbýlinu. Að bílastæði við garðinn liggur tæplega 120 m löng vegtenging frá Hafnarbyggð. Ný tenging að Vopnafirði verður nálægt kirkjugarðinum og bílastæðinu og mun aðkomuvegurinn lenda undir framkvæmdasvæðinu. Leggja þarf nýja aðkomu að Kirkjugarðinum í samráði við Vopnafjarðarhrepp.

Við staðsetningu nýrra vega var miðað við að raska ekki skógræktarsvæðum. Framkvæmdin hefur því óveruleg áhrif á þau.

Við framkvæmdina lengist Norðausturvegur um 240 m. Leiðin frá Norðausturvegi að höfninni í Vopnafirði styttest á sama tíma um 600 m.

Þær nýju veglínur sem hér eru kynntar, munu þvera gönguleið og reiðleið sem sýndar eru á upphætti með Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Á upphættinum sést að Norðausturvegur og tenging að þéttbýlinu í Vopnafirði þvera viðkomandi gönguleið og reiðleið. Þverun gönguleiðar og reiðleiðar með nýjum veglínunum er því í samræmi við aðalskipulagið.

5.2. LANDSLAG

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang. Landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber sterk einkenni af nálægð við þéttbýlið. Á svæðinu eru slóðar, vegir og skurðir.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á Kolbeinstanga í Vopnafirði (teikning 2). **Vegur A** frá Nýpslóni að Hafnarbyggð liggur yfir tangann. Hún hefst í 12 m h.y.s., fer í hæst 34 m h.y.s. og svo aftur niður í 12 m h.y.s. Í brekkunum sunnan og norðan á Kolbeinstanga mun vegurinn liggja þannig að skering verði ofan vegar, en fylling neðan hans. Skeringarnar eru nauðsynlegar til að vegurinn verði ekki of brattur. **Vegur A** er í grennd við námuveg sem liggur yfir tangann og þverar hann tvisvar. Námuvegurinn var gerður í tengslum við hafnarframkvæmdir í Vopnafirði. Í grennd við veglínuna eru slóðar og trjáreitir. Við stöð 300 liggur veglínin framhjá Kirkjugarðinum í Vopnafirði. Veglínin tengist götunni Hafnarbyggð á Vopnafirði og þar verður ný aðkoma að þéttbýlinu.

Á hæsta hluta veglínunnar, stöð 640, er tenging við **veg B** sem er ný veglína Norðausturvegar. **Vegur B** liggur frá vegamótum við Búðaröxl, að vegamótum við **veg A**. Svæðið sem veglínin liggur um er flatlent, og á því er talsvert votlendi sem hefur að hluta til verið ræst fram. Nokkrir slóðar liggja í grennd við veglínuna. Nýr vegur mun að mestu liggja á fyllingu.

Á milli stærsta hluta þéttbýlisins og vegarins er hæð í landslaginu sem lokar fyrir útsýni að veginum. Vegamót **vegar A og B** verða á flatlendi ofan á Kolbeinstanga. Á flatlendinu er ekki mikið útsýni en fallett útsýni er úr brekkunum báðum megin á tanganum.



Mynd 7. Útsýni í átt að Norðausturvegi, Skógarlóni og Nýpslóni frá stöð 900 á veglínu A.

Áhrif á landslag

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslagið, bæði þar sem veginir liggja og á námusvæðum. Landslaginu hefur þegar verið raskað með byggð, núverandi vegum, slóðum og framræslu. Námusvæðunum hefur verið raskað með námuvinnslu.

Að loknum framkvæmdum verða nýir vegir ekki áberandi í landslaginu. Landslagið á framkvæmdasvæðinu hefur þó breyst. Gengið verður þannig frá vegstæði að vegurinn falli vel að landi og á kafla verður núverandi vegur að námu á Kolbeinstanga jafnaður út og sáð í hann. Gert er ráð fyrir að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa nokkuð fljótt.

Aðalaðkoma að þéttbýlinu á Vopnafirði verður fallegri.



Mynd 8. Útsýni í átt að Vopnafirði frá stöð 550 á veglínu A.

5.4. JARÐMYNDANIR OG VATN

Jöklar ísaldar hafa grafið og mótað Vopnafjörð. Berggrunnurinn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er gerður úr 8,5-10 milljón ára blágrytismyndun. Námur verða í malarhjalla. Engar sjaldgæfar jarðmyndanir finnast á framkvæmdasvæðinu

Við upphaf vegar B, við vegamót Norðausturvegar og Búðaraxlar eru nokkrir skurðir meðfram núverandi vegum. Veglínan liggur um hallalítið votlendi á löngum köflum. Votlendið hefur verið ræst fram að hluta til. Við stöð 48370 þverar veglínan lækjarfarveg. Vegur A liggur einnig um votlendi á köflum en þverar enga farvegi.

Áhrif á jarðmyndanir

Lítill áhrif verða á jarðmyndanir vegna vegalagningar og efnistöku tengdri henni. Efnistakan mun fara fram í námunum sem efni hefur þegar verið tekið úr og eru ófrágengnar. Jarðmyndanirnar sem um ræðir eru algengar á svæðisvísu og landsvísu. Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif á vatn

Við upphaf vegar B verða gerðir nýir skurðir í stað þeirra sem raskast, í samráði við Vopnafjarðarhrepp, þannig að vatn eigi áfram greiða leið í gegnum svæðið. Ræsum verður komið fyrir þar sem þörf er á þeim.

Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

5.5. GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Við mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls Vopnafjörður, gerði Náttúrustofa Austurlands rannsókn á gróðurfari og fuglalífi á svæðinu. Í skýrslu Náttúrustofunnar (Guðrún Á. Jónsdóttir ofl., 2005) kemur fram að stórir votlendiskaflar eru norðan við þéttbýlið í Vopnafirði þar sem eru bæði mýrar og flóar á töluverðum kafla (teikning 4). Þar eru ýmsar algengar mýrategundir svo sem mýrastör, hrafnastör, tjarnastör, elfting og hálmgresi. Á svæðinu fundust ekki sjaldgæf gróðurlendi, en verðmæti votlendis er töluvert. Engar friðlýstar tegundir eða tegundir á válista fundust.

Engir sjaldgæfir fuglar, eða á válista fundust á svæðinu.

Áhrif á gróðurfar

Framkvæmdin mun raska votlendi sem er stærra en 3 ha, en það nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Votlendinu hefur þegar verið raskað að hluta með slóðagerð og framræsluskurðum. Nýjar veglínur liggja um votlendi á um 1,2 km löngum kafla og áætlað er að um 2,1 ha af votlendi fari undir veg. Votlendið er að mestu samhangandi en stærsti hluti þess er í lægð ofan á Kolbeinstanga. Víðast er þetta deiglendi en á nokkrum stöðum eru flóar og þar stendur vatn uppi milli þúfna.

Í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um endurheimt votlendis segir: “*Vegur sker hallamýri (talsverð hreyfing á vatni undan halla, meginrask verður neðan vegar): Vegur sker ofan miðju votlendis: raskað svæði er 150 m breitt => heildarlengd vegar er margfölduð með 150. Vegur liggur um flóamýri/dalabotnamýri (svæði þar sem lítil hreyfing er á vatni): Raskað svæði er 75 m breitt. Heildarlengd vegar um votlendið er margfölduð með 75 m.*” (Umhverfisstofnun, 2006).

Votlendið sem raskast vegna framkvæmdarinnar er að mestu flóamýri/dalabotnamýri, aðeins um 100 m liggja um hallamýri. Samkvæmt útreikningum Vegagerðarinnar geta því 9,7 ha af votlendi raskast vegna vegarins.



Mynd 9. Horft til suðvesturs yfir votlendið sem veglína B mun liggja um, við vegamót veglínu A og B.

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á gróður. Við frágang verða svæði sem raskast meðfram vegi grædd upp og votlendi endurheimt.

Vegagerðin mun hafa samráð við Vopnafjarðarhrepp um endurheimt votlendis. Mögulegt er að fylla í skurði í Hestamýrum, sem eru á og við framkvæmdasvæðið. Einnig er áhugi á að endurheimta Íshústjörn, en þar er nú votlendi en ekki tjörn, með því að veita vatni úr skeringu meðfram vegi, ofan tjarnarinnar í hana. Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar er mögulegt svæði til endurheimtar votlendis í Hestamýrum 9,0 ha og Íshústjörn er 0,3 ha að stærð. Mögulegt svæði til endurheimtar votlendis í grennd við framkvæmdasvæðið virðist því vera samtals 9,3 ha.



Mynd 10. Möguleg endurheimt votlendis í og við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).

Reiknað er með að áhrif á gróður verði óveruleg.

Áhrif á fugla

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

5.6. MENNINGARMINJAR

Við undirbúning framkvæmda á Norðausturvegi á kaflanum frá Brunahvammshálsi að Vopnafirði voru m.a. skráðar fornleifar á kaflanum næst Vopnafjarðarkaupstað. Við staðsetningu nýrrar vegtengingar voru þær upplýsingar notaðar og reynt að forðast að leggja veginn yfir fornleifar (teikning 5). Hins vegar er ekki hægt að komast hjá því að fornleifar verði fyrir raski næst kaupstaðnum. Þar mun vegurinn liggja í skeringu.

Á svæðinu eru 16 fornleifar í minna en 100 m fjarlægð frá miðlínu vegar. Þær eru:

156507 42-24 rétt, í 60 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði.

156507 42-25 tóft, í 16 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Etv. réttartóft. Líklega tilheyrir tóftin sjálfspurftabúskap bæjarbúa á fyrri hluta 20. aldar en telst ekki fornleifar skv. lögum.

156507 42-26 mógrafir, í 87 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði.

156507 42-27 mógrafir, í 87 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði.

156500 43-26 tóft, í 55 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði.

156500 43-27 húsgrunnur, í 56 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði.

156500 43-24 tóft, lendir að hluta undir framkvæmdasvæði.

156500 43-18 tóft, lendir undir framkvæmdasvæði (sjá aftar).

156500 43-23 rétt, lendir undir framkvæmdasvæði (sjá aftar).

156500 43-17 útihús, lendir undir framkvæmdasvæði. Líkt og aðrar tóftir sem skráðar voru við Vopnafjarðarkauptún er hún líklega 20. aldar smíð og telst ekki til fornleifa í skilningi laganna.

156500 43-21 kofi, í 2 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði (sjá aftar).

156500 43-25 túngarður, lendir undir framkvæmdasvæði (sjá aftar).

156500 43-22 brunnur, lendir undir framkvæmdasvæði (sjá aftar).

156500 43-20 matjurtagarður, lendir að hluta undir framkvæmdasvæði (sjá aftar).

156500 43-19 fjárhús, lendir að hluta undir framkvæmdasvæði (sjá aftar).

156500 43-12 íshús, í 1,5 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en verður ekki raskað.

Teikning 4 sýnir staðsetningu nýs vegar og fornleifa á svæðinu. Frekari upplýsingar um fornleifarnar er að finna í skýrslu Byggingasafns Skagfirðinga nr. 2005/47, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði*, Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, október 2005.

Þar segir m.a.: "**tóftir 156500 43 – 18, 19, 20, 21, 22, 23 og 25** eru allar innan áhrifasvæðis vegaframkvæmdanna þar sem að athafnasvæðið afmarkast að austan af kirkjugarði bæjarins en að vestan af klettabelti. Samkvæmt heimildamanni tilheyrja þessar tóftir býlinu Götu og munu vera 20 aldar minjar. Útlit tóftanna bendir og til að þarna sé ekki um mjög gamlar minjar að ræða og þær teljast ekki til fornleifa í skilningi laganna. Hinsvegar er ekki lokað fyrir það skotið að einhverjar þeirra kunni að tilheyrja þurraúðabúskap frá upphafi kaupsinsins um aldamótin 1900. Á það einkum við um minjar næst kirkjugarði en erfitt var að greina þær sökum gróðurs. Einnig kunna tóftir sem þarna eru að standa á grunni eldri minja Sökum þess hversu framkvæmdasvæðið er afmarkað við væntanlega innkeyrslu í bæinn er vart um að ræða færslu veglínu til að hlífa minjunum. Því þarf að leita leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins um að minjarnar verði fjarlægðar eða huldar og þá með þeim skilyrðum sem Fornleifavernd mun setja. Æskilegt væri að framkvæmdaeftirlit verði haft á þessu svæði."

Vegagerðin sendi bréf til Fornleifaverndar ríkisins þann 2. júlí 2010 þar sem óskað var eftir að Fornleifavernd ríkisins leiðbeindi um til hvaða aðgerða beri að grípa varðandi fornleifar á svæðinu. Svar barst þann 21. júlí 2010.

Í svarbréfinu segir: „Eins og kemur fram í bréfi Vegagerðarinnar eru 14 skráðar fornleifar í minna en 100 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðs vegar. Fjórar fornleifar, rétt (156507 42-24), tóft (156507 42-25), tóft (156500 43-26) og húsgrunnur (156500 43-27) eru í 40-75 m fjarlægð frá miðlínu vegar. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi þessar fornleifar á meðan á framkvæmd stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Hinar fornleifarnar tíu eru allar innan Vopnafjarðarkauptúns. Í fornleifaskráningarskýrslu er talið líklegt að þær séu allar frá 20. öld og njóti því ekki friðunar skv. 9. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 197/2001). Í skýrslunni segir að ekki sé loku fyrir það skotið að einhverjar þessara tóft kunni að tilheyra þurraþúðabúskap frá upphafi kauptúnsins um aldamótin 1900. Einkum eigi þetta við um tóftirnar næst kirkjugarði en þegar þær voru skoðaðar var erfitt að greina þær sökum gróðurs. Fornleifavernd ríkisins álitur að hreinsa þurfi gróður af tóftunum svo að hægt sé að skoða þær betur og skrá nákvæmlega. Þá er í fornleifaskráningarskýrslu bent á að sýnilegar tóftir á svæðinu kunni að standa á grunni eldri mannvirkja.

Fornleifavernd ríkisins telur að ef ekki verði komist hjá raski á minjunum þurfi annað hvort að grafa könnunarskurði á svæðinu áður en ráðist verður í framkvæmdina eða að fá fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdinni. Með könnunarskurðum er hægt að ganga úr skugga um hvort eldri minjar leynast undir þeim sem sjást á yfirborði. Niðurstöður slíkrar athugunar geta leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdin getur hafist. Ef eldri minjar koma í ljós við eftirlit með framkvæmdinni verður að stöðva framkvæmdina á meðan á rannsókn minjanna stendur.“

Áhrif á fornminjar

Líklegt er að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornminjar. Vegagerðin mun fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði á svæðinu áður en ráðist verður í framkvæmdina, í samráði við Minjavörð Austurlands.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis. Þá verður væntanlegum verktaka gert að merkja þær fornminjar sem liggja innan 100 m frá veglínunni með veifum eða girða af með litaborðum áður en framkvæmdir hefjast.



Mynd 11. Ný aðkoma að Vopnafirði verður um Hafnarbyggð. Á myndinni sést ysta húsið við Hafnarbyggð.

6. LAGNIR Í GRENND VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

Framkvæmdin liggur um lönd Vopnafjarðarhrepps.

Lagnir sem vitað er um í nágrenni framkvæmdasvæðisins eru:

- **Vopnafjarðarhreppur:** Vatns- og fráveitulagnir eru í Hafnarbyggð. Afla þarf frekari upplýsinga um legu þeirra.
- **Míla hf:** Upplýsingar um jarðsíma- og ljósleiðarastrengi eru frá Mílu hf og eru merktar inn á teikningu 6. Vegur B þverar jarðsímastreng nærri stöð 48100, en úr honum greinist strengur sem þverar veg A við stöð 1050. Ljósleiðari þverar bæði veg A og B nærri gatnamótum þeirra og liggur svo með vegi A frá stöð 1100 að lokum framkvæmdakafli við stöð 1160. Þá liggur jarðsímastrengur meðfram lóðum í Hafnarbyggð, undir veg A og sveigir svo tvisvar undir veg D við Íshústjörn.
- **Rarik:** Engar háspennulínur er á framkvæmdasvæðinu. Í og við Hafnarbyggð eru rafmagnsstrengir. Afla þarf frekari upplýsinga um legu þeirra.

Áður en framkvæmdir hefjast verður kannað nákvæmlega hvar lagnir liggja undir eða við veglínurnar. Allar lagnir verða mældar inn og kynntar í útboðsgögnum áður en framkvæmdir hefjast til að koma í veg fyrir að þær raskist við framkvæmdina.

7. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið sjálft. Nýr vegur verður hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið, námuvegi og námur. M.a. verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.
- Varðandi vinnubúðir verður í útboðsgögnum farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast utan vegsvæðis og það bætt á viðeigandi hátt.
- Girt verður að nýju ef hrófla þarf við girðingum meðfram vegum.
- Fornleifar í nágrenni vegsvæðisins verða merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum. Áður en framkvæmdir hefjast verður fornleifafræðingur fenginn til að grafa könnunarskurði á svæðinu. Rannsóknir munu fara fram í samráði við Minjavörð Austurlands. Ef frekari fornleifarannsókn er þörf munu þær fara fram áður en framkvæmdir hefjast. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörð Austurlands varðandi aðgerðir.
- Röskuð svæði verða jöfnuð, grædd upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.
- Endurheimt verður jafnstórt votlendi og raskast við framkvæmdina í samráði við landeigendur, Umhverfisstofnun og sérfræðing um endurheimt votlendis.

8. NIÐURSTAÐA

Við framkvæmdina verður Norðausturvegi breytt á 1,66 km kafla við þéttbýlið í Vopnafirði. Einnig verður lögð ný, 0,58 km löng vegtenging að Vopnafirði (Hafnarbyggð). Í tengslum við framkvæmdina verða byggðar nýjar tengingar að vegi að Leiðarhöfn og Búðaröxl. Samtals eru vegakaflarnir 2,6 km langir. Sem stendur eru engar fjárveitingar til verksins.

Gerðar hafa verið rannsóknir á náttúrufari svæðisins og því voru til upplýsingar um m.a. fugla, gróðurfar og jarðfræði. Áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar verða ekki mikil. Helstu áhrifin verða vegna röskunar á 9,7 ha af votlendi sem hefur þó áður verið raskað. Við framkvæmdir verður reynt að draga úr raski með því að takmarka framkvæmdasvæðið eins og hægt. Jafn stórt votlendi og raskast verður endurheimt. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi. Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg.

Fornleifaskráning fór fram sumarið 2005. Við ákvörðun um staðsetningu veglína var reynt að forðast að raska fornleifum. Hins vegar er ekki hægt að komast hjá því að fornleifar verði fyrir raski næst kaupstaðnum. Þar mun vegurinn liggja í skeringu. Áður en framkvæmdir hefjast verður fornleifafræðingur fenginn til að gera rannsóknir á svæðinu, í samráði við Minjavörð Austurlands. Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði óveruleg.

Jákvæð áhrif framkvæmdarinnar felast í betri aðkomu að þéttbýlinu í Vopnafirði úr norðri. Aðkoman verður fallegri og það dregur úr umferð um íbúðagötuna Hamrahlíð. Öryggi íbúa þar eykst og umferðarhávaði minnkar. Um leið dregur þó úr öryggi íbúa við götuna Hafnarbyggð og umferðarhávaði þar eykst. Með framkvæmdinni verður þungaumferð á styttri kafla innan þéttbýlisins.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd og sú námuvinnsla sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.



Mynd 12. Horft til norðurs frá Hafnarbyggð, við nýja aðkomu að þéttbýlinu.

9. HEIMILDIR

1. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, 2005: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði*. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki, 2005/47, október 2005, 126 bls.
2. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
3. Náttúruminjaskrá, 2008: Heimasíða Umhverfisstofnunar, nóvember 2008.
www.ust.is
4. Guðrún Á Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Skarphéðinn G. Þórisson, Berglind Steina Ingvarsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 2005: *Gróðurfar, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsárdal og Vesturárdal*. Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstað, NA-050061, maí 2005.
5. Vegagerðin, 2007: *Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls–Vopnafjörður, mat á umhverfisáhrifum, matsskýrsla*. Akureyri, maí 2007, 222 bls.
6. Vopnafjarðarhreppur og Teikn á lofti, 2008: *Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps, 2006-2026*. Greinargerð, september 2008, 131 bls.

10. TEIKNINGAR

- | | |
|---------------------------------|--|
| Teikning 1. Vegagerðin, (2010): | Yfirlitsmynd, mkv. 1:200.000. |
| Teikning 2. Vegagerðin, (2010): | Afstöðumynd, mkv. 1:30.000. |
| Teikning 3. Vegagerðin, (2010): | Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:5.000 |
| Teikning 4. Vegagerðin, (2010): | Votlendi á framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:5.000 |
| Teikning 5. Vegagerðin, (2010): | Fornleifar á framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:5.000 |
| Teikning 6. Vegagerðin, (2010): | Lagnir á framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:5.000 |